

Jaðar fundur 22. 12. 2015

Fundur í stjórn Dvalarheimilissins Jaðar kl 11,00. Mættir voru Ásbjörn Óttarsson formaður, Lovísa Sævarsdóttir, Pétur Steinar Jóhannsson og Inga Kristinsdóttir forstöðumaður.

- a) Inga byrjaði að segja frá því að rafræna sjúkraskráningakerfið (sögukerfi) sem rætt var um á sl ári væri komið í notkun á Jaðri. Er Jaðar fyrsta hjúkrunarheimilið á Vesturlandi sem tekur þetta í notkun. Er þetta mikil vinnuhagræðing og öryggi varðandi allar skráningar.
- b) Þá sagði Inga frá því að úrbótaáætlun sem Lyfjastofnun fór fram á á sl.ári væri full unnin og búið að senda til Lyfjastofnunar.
- c) Inga kynnti verkefnið „Fræðslustjóri að láni,“ sem er samstarfsverkefni Símenntunar á Vesturlandi og Snæfellsbæjar. Markmið verkefnisins er að framkvæma þarfagreiningu fyrir fræðslu handa starfsmönnum og gera fræðsluáætlun fyrir 2016.
- d) Öll hjúkrunarrými eru fullnýtt sem dvalarrými. Engin byðlisti er eftir hjúkrunarrými eða í dvalarrými utan stofnunarinnar.
- e) Búið er að laga gangstétt við inngang en þar voru lagðar nýjar hellur
- f) Mikil ánægja var með starf Kára Viðarssonar og aðstoðarkonu hans í sumar en þau komu og voru með lestur og söng fyrir vistmenn.
- g) Inga sagði að unnið er að fjárhagsáætlun fyrir 2016 í samráði við bæjarritara. Það kom fram að áætlun 2015 væri á pari og allt í góðum málum.
- h) Inga sagði frá frétt í Skessuhorni þar sem talað er um „pott“ er fjárlaganefnd Alþingis væri með og heimilt væri fyrir heilbrigðisstofnanir að sækja um til ýmissa verkefna. Umræður urðu um þennan lið.

- i) Inga sagði að í byrjun næsta árs yrði farið í það að sækja um 2 hjúkrunarrými í viðbót.
- j) Þá var að lokum rætt um jákvæða umfjöllun sem Jaðar fékk er menn frá Sjónvarpstöðinni Hringbraut fóru um húsið sl haust ásamt Ingu og ræddu við vistmenn og sýndu frá húsinu.

Fundi slitið kl 11,50

Sign ritari Pétur Steinar Jóhannsson

Ásbjörn Óttarsson

Lovísa Sævars dóttir

Inga Kristinsdóttir forstöðumaður